

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur nr. 10 - 2020

Staður: TEAMS

Tími: þriðjudaginn 24. nóvember 2020

Fundinn sátu: Ragnheiður I. Þórarinsdóttir (stýrir fundi), Ágústa Rut Haraldsdóttir, Guðrún Sigríður Tryggvadóttir, Halldór Þorgeirsson, Jóhannes Sveinbjörnsson, Jón Kristófer Arnarson og Torfi Jóhannesson.

1. Setning fundar [12:30-12:35]
2. Persónuverndarstefna [Kynning, umræða og afgreiðsla 12:35-12:50]

Gögn voru lögð fram á fundi háskólaráðs 5. nóvember sl. Persónuverndarfulltrúi Magnús Jökull Sigurjónsson mætti á fundinn undir þessum lið og svaraði spurningum háskólaráðs. Guðmunda Smáradóttir mannauðs- og gæðastjóri tók einnig þátt undir þessum lið. Umræður snéru sérstaklega að upplýsingum innan stofnunar. Tillaga var samþykkt um að gera viðbætur sem varða þær. Magnús mun gera tillögu sem send verður út fyrir næsta fund og afgreiðslu frestað.

3. Gæðastefna og starfsþróunarstefna [Kynning, umræða og afgreiðsla 12:50-13:15]

Gögn voru lögð fram á fundi háskólaráðs 5. nóvember sl. Mannauðs- og gæðastjóri Guðmunda Smáradóttir svarði spurningum undir þessum lið. Brýnt er að fylgja eftir og örva fólk til að nýta sér það sem er í boði. Gæðastefna og starfsþróunarstefna voru samþykktar.

4. Gæða- og mannauðsmál [Kynning og umræða 13:15-13:50]

Rektor kynnti niðurstöður Gallup könnunar, (fylgiskjal liður 4) og viðbrögð skólans til að efla starfsánægju. Mannauðs- og gæðastjóri tók þátt í umræðum. Aðgerðaáætlun snýr m.a. að mánaðarlegum mannauðsmælingum, þjálfun í 7 venjum til árangurs, stjórnendabjálfun, auk þess sem samningur hefur verið aukinn við Vinnuvernd. Starfsmannafundir verða haldnir mánaðarlega þar sem fylgt verður eftir niðurstöðum mannauðsmælinga. Háskólaráð hefur kynnt sér niðurstöður Gallup könnunar og aðgerðaáætlun skólans.

5. Reglur um meistaranám við Landbúnaðarháskóla Íslands [Lagt fram 13:50-13:55]

Tillaga framhaldsnámsnefndar (fylgiskjal liður 5 með fundarboði) var lögð fram. Til umræðu og afgreiðslu á næsta fundi.

6. Starfsáætlun háskólaráðs 2020-2021 [Kynning, umræða og afgreiðsla 13:55-14:20]

Tillaga að starfsáætlun háskólaráðs 2020-2021 var lögð fram (fylgiskjal liður 6 með fundarboði). Umræður og ákveðið að taka samtalið við leiðandi aðila í greinum skólans og boða til stærri fundar með varamönnum háskólaráðs á starfsárinu. Rektor uppfærir áætlun fyrir næsta fund.

7. Mál til fróðleiks og næsti fundur [14:20-14:30]

Samningur hefur verið undirritaður við Háskóla Íslands og prófessor Daða Má Kristófersson um starf aðstoðarrektors. Daði Már tekur til starfa 1. des. nk.

Vísindadagur Lbhí verður haldinn nk. föstudag. Rektor sendir háskólaráði hlekk.



Ráðstefna um skipulag strandsvæða verður haldinn nk. fimmtudag. Rektor sendir háskólaráði hlekk.

Vinna við loftslagsstefnu er hafin.

Næsti fundur verður haldinn miðvikudaginn 16. des. kl 12:30-14:30

RIP

